


Frá öngþveiti til stillu

Katrin Heymann þverflauta

Rob Campkin fiðla

Evelina Ndlovu píanó



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Þriðjudaginn 11. febrúar 2025 kl. 20:00

Bæði **Nino Rota** og **Bohuslav Martinů** voru mikilvæg tónskáld á 20. öld og báðir héldu þeir sinni einstöku rödd og stílbrigðum á tímum róttækra tilrauna í klassískri tónlist. Þeir kusu báðir að semja í lagrænum, aðgengilegum stíl frekar en að fylgja ströngum aðferðum raðtónlistar sem var áberandi í framúrstefnutónlist þess tíma.

Breska tónskáldið **Barry Mills** fékk innblástur beint frá tónlist Martinů, en flutningur hópsins á verkum Martinů hafði áhrif á Mills er hann samdi verkið sem er frumflutt í kvöld. Það verk er þó mun fíngerðara í áferð og hreyfingu, kærkomin andstæða við önnur kafin og virtúósísk verk þeirra Martinů og Rota.

Fyrir Mills, Martinů og Rota er tengingin við hlustandann í hávegum höfð, með notkun þjóðlaga og fallegra laglína, tilraunum með áferð frekar en efni, virtúósíteti, gleði og tengingu við náttúruleg fyrirbæri. Því lá beint við að bæta tónlist Snorra Sigfúsar Birgissonar við efnisskrána. Íhugul og falleg meðhöndlun hans á íslenskum þjóðlögum hæfir efnisskránni vel og skapar einnig andrými og tengingu við umhverfið – en Laugarnesið, þar sem Listasafn Sigurjóns Ólafssonar stendur, er umfjöllunarefni síðasta verks kvöldsins.

„Ég myndi gera allt sem ég gæti til að gefa öllum augnabliks hamingju. Það er það sem er kjarni tónlistar minnar.“

(‘...I’d do everything I could, to give everyone a moment of happiness. That is what is at the heart of my music.’) Nino Rota

Katrin Heymann er fædd í Þýskalandi og stundaði nám í þverflautuleik við Tónlistarháskólann í Detmold í Norðurrín-Vestfalíu og Listaháskólann í Berlín, þaðan sem hún útskrifaðist árið 2000. Síðar lauk hún BA-gráðu með láði í þýskum bókmenntum og kennslufræði frá Humboldt-háskólanum í Berlín. Samhliða því starfaði hún sjálfstætt sem flautuleikari og flautukennari við ýmsar hljómsveitir, skóla og einkaaðila. Haustið 2003 flutti Katrin til Englands og hélt þar áfram starfi sínu sem flautuleikari og flautukennari. Þar var hún meðal annars stofnmeðlimur *Sussex Flutes*, hóps atvinnuflautuleikara sem ferðaðist um og tók upp tónlist í Sussex sýslu Bretlands.

Katrin flutti til Íslands haustið 2019 og hefur síðan verið virk í íslensku tónlistarlífi, með sérstakan áhuga á kammertónlist. Hún hefur leikið fjölda tónleika í kammertónleikaröðum í Reykjavík. Þá hefur

Efnisskrá

- | | | |
|--|---|-----------|
| Snorri Sigfús Birgisson
f. 1954 | úr: Þrjú lög að austan
from: <i>Three Songs from East of Iceland</i>
2. Doloroso | 2003 |
| Bohuslav Martinů
1890–1959 | Trío fyrir flautu, fiðlu og píanó
<i>Trio for flute, violin and piano</i>
Allegro poco moderato
Adagio
Allegretto
Moderato (poco Allegro) | 1936 |
| Barry Mills
f. 1949 | Trío fyrir flautu, fiðlu og píanó – frumflutningur
<i>Trio for flute, violin and piano – première</i>
1. From Turmoil to Calm
2. Theme and Variations | |
| Íslenskt þjóðlag
Icelandic Folktune | í útsetningu Snorra Sigfúsar Birgissonar
arranged by Snorri Sigfús Birgisson
<i>Where Life and Death May Dwell</i>
Pegar ég smáu í færi í fold
<i>fer að sjá og hlúa</i>
<i>hugsa ég þá um þetta hold</i>
<i>sem þar skal dáið búa</i> | 2011 |
| Nino Rota
1911–1979 | Trío fyrir flautu, fiðlu og píanó
<i>Trio for flute, violin and piano</i>
Allegro ma non troppo
Andante sostenuto
Allegro vivace con spirito | 1958 |
| Íslenskt þjóðlag
Icelandic Folktune | í útsetningu Snorra Sigfúsar Birgissonar
arranged by Snorri Sigfús Birgisson
Í Laugarnesi
<i>In Laugarnes</i> | 2009/2011 |

hún verið fyrsti flautuleikari í SinfoniaNord og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Hún kennir flautu- og píanóleik við Tónskólann í Reykjavík og við Skólahljómsveit Reykjavíkur. Einnig syngur hún með Kór Breiðholtskirkju.

Rob Campkin fiðluleikari hóf tónlistarnám sitt hjá Katharine Adams í Worthing á suðurströnd Englands, en nam síðar við Guildhall og Trinity Laban háskólana í London. Hann bjó í Vín í eitt ár og tók einkatíma hjá rúmanska fiðluleikaranum Barna Kobori. Allan sinn námsferil hefur hann einnig sótt tíma og ráð hjá Peter Poole í Sussex – og gerir enn. Hann undirbýr sig nú að taka LSRM (Licentiate of the Royal Schools of Music) gráðu undir handleiðslu Stephanie Gonley í London.

Rob hefur leikið á stöðum á borð við Royal Albert Hall, Symphony Hall Birmingham og Hammersmith Apollo, og komið fram með tónlistarmönnum eins og Boris Brovtsyn, Richard Durrant, Tom Gamble, Dominic Grier og Omar Puente – en hjá honum stundaði Rob djassfiðlunám við Trinity Laban. Rob starfar sem fiðluleikari hjá *Musicians of All Saints* í Lewes, er leiðari í Lancing kammerhljómsveitinni og leikur með fílharmóníuhljómsveitinni í Worthing.

Evelina Ndlovu nam píanóleik hjá Patricia Kavanagh og Réamonn Keary prófessor við Konunglega tónlistarháskólann í Dyflinni á Írlandi og lauk þaðan BA gráðu í píanóleik 2012. Þar lék hún með ýmsum kammerhópum, var meðleikari írska tenórsöngvarans Phil Scott og kom fram víða þarlendis, meðal annars í National Concert Hall og Ulster Hall í Belfast. Á námsárum sínum hlaut Evelina fjölda verðlauna sem einleikari í hinum virtu *Feis Ceoil* tónlistarkeppnum.

Evelina gegnir nú stöðu tónlistarstjóra við Handcross Park Prep School í Vestur-Sussex á suðurströnd Bretlands.

Rob og **Evelina** hafa leikið saman sem dúó um skeið og árið 2019 bættist **Katrin** í hópinn og mynduðu þau þannig tríó. Hafa þau lagt áherslu á að flytja verk eftir tuttugustu aldar tónskáld eins og Bohuslav Martinů, Nino Rota og Madeleine Dring. Þau hafa meðal annars haldið tvenna tónleika í Brighton á suðurströnd Englands, en leika nú í fyrsta skipti saman á Íslandi.